



14.október 2014

Umsögn Bandalags íslenskra græðara við tillögu til þingsályktunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál.

Bandalag íslenskra græðara fagnar umræðu um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu á Íslandi. Bandalag íslenskra græðara vill nýta þetta tækifæri og benda nefndarmönnum fyrirhugaðs starfshóps á að skoða hvernig efla megi samvinnu almenna heilbrigðiskerfisins og heilsutengda þjónustu græðara, almenningi til hagsbóta.

Að þessu tilefni bendir Bandalag íslenskra græðara á nýlega skýrslu World Health Organization. Þar koma fram þær áherslur og stefnur sem WHO leggur til að aðildarlöndin hafi að leiðarljósi innan heilbrigðiskerfisins fyrir árin 2014-2023, "WHO traditional medicine strategy 2014-2023".

Skýrslan inniheldur upplýsingar, leiðbeiningar og stuðning fyrir stjórnámálamenn, stjórnendur í heilbrigðiskerfinu og aðra sérfræðinga á heilbrigðisviði.

Í skýrslunni er skýrt kveðið á um að efla beri samstarf hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu og heildrænna meðferða, með það að markmiði að styrkja það hlutverk sem heildrænar meðferðir gegna til heilsueflingar almennings. Ein af forsendum þess að WHO mælir með samvinnu þessara stétta er fjárhagslegur ávinningur samfélagsins. Sambætting og aukin samvinna heildrænna meðferða og hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu er jákvætt skref, sem samkvæmt WHO, stuðlar að betri og fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu, eflir þekkingu, öryggi og áhrif meðferða, heilsu almennings til heilla og hagsbóta.

Markmið skýrslunnar er að hjálpa þjóðum við stefnumörkun heilbrigðismála, stuðla að menntun, rannsóknum, þróun eigin stefnu og leiðbeiningum um öryggi og áhrif meðferða (Traditional medicine strategy 2014-2023, bls.12, samantekt).

Árið 2005 samþykkti Alþingi "[lög um græðara nr. 34/2005](#)" sem græðarar starfa eftir. Lögin voru til mikilla hagsbóta fyrir bæði neytendur og meðferðaraðila. Stjórn Bandalags íslenskra græðara telur að auka megi samþættingu og samvinnu heilsutengdrar þjónustu og almennrar heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Að auki er vert að benda á þær leiðir sem boðið hefur verið upp á í Bretlandi, en þar hefur um 5 ára skeið verið boðið upp á samþættingu hefðbundinna og óhefðbundinna meðferða sem nánar er greint frá hér:

<http://www.healthnorth.co.uk/>.

Þar vinna aðilar náið saman að því að efla heilbrigði skjólstæðingsins.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem Björg Helgadóttir, Rúnar Vilhjálmsson og Þóra Jenný Gunnarsdóttir unnu að árið 2010 kemur fram að notkun óhefðbundinna meðferða jókst um 6% frá árinu 1998 til 2006 (Læknablaðið, 96, 269-275).

"Íslendingar nota þjónustu óhefðbundinna meðferðaraðila í umtalsverðum og vaxandi mæli. Svo virðist sem ákveðinn hópur landsmanna telji sig ekki fá fullnægjandi þjónustu í hinu almenna heilbrigðiskerfi. Flestir virðast nota óhefðbundna þjónustu sem viðbót við hefðbundna heilbrigðisþjónustu."
(Læknablaðið, 96, 269-275).

Að ofansögðu má ljóst vera að mikilvægt er að skoða leiðir til að efla samstarf heilbrigðisþjónustu og fagaðila er sinna heilsutengdri þjónustu. Bandalag íslenskra græðara er tilbúið að vinna að eflingu heilbrigðis- og velferðarþjónustu, með ráðgjöf, umræðu og forvörnum. Bandalag íslenskra græðara óskar eftir að yfirvöld heilbrigðismála á Íslandi sé gert skylt að stofna til þessa samstarfs sem framangreind skýrsla WHO mælir svo eindregið með.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Bandalags íslenskra græðara,

Freygerður Anna Ólafsdóttir, formaður Bandalags íslenskra græðara.

Aðildarfélög Bandalags íslenskra græðara eru:

CSFÍ - [CranioSacral félag Íslands](#)

Cranio - [Cranio, félag höfuðbeina- og spjaldhrygg sjáfnara](#)

HLF - [Heilsu- og lithimnufræðafélagið](#)

Organon - [Organon, fagfélag hómópata](#)

SMFÍ - Svæðameðferðafélag Íslands

SSOVÍ - [Samband svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi](#)

Skýrsla WHO, Traditional medicine strategy 2014-2023.

http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm_strategy14_23/en/

Rannsókn um notkun óhefðbundinnar heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2010/04/nr/3808>